



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 13. febrúar 2018.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um íslenskan ríkisborgararétt og barnalög (ríkisfangsleysi), þskj. 205, 133. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um íslenskan ríkisborgararétt og barnalög (ríkisfangsleysi).

MRSÍ styður frumvarpið enda er það sett fram svo fullgilda megi samning Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá 1954 og samning frá 1961 um að draga úr ríkisfangsleysi. Hafa íslensk stjórvöld ítrekað fengið tilmæli um að fullgilda þessa samninga, m.a. frá Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna og nú síðast í svokölluðu UPR (Universal Periodic Review) ferli, sem er regluleg úttekt á stöðu mannréttindamála í aðildarríkjum Sp. Var Ísland síðast tekið fyrir þann 1. nóvember 2016. Frumvarp þetta horfir og til þess að einfalda málsmeðferð umsókna um íslenskt ríkisfang og er það vel.

MRSÍ staldrar þó við ákvæði 9. gr. frumvarpsins en þar er lagt til að bætt verði nýju ákvæði í lög um ríkisborgararétt er heimili Þjóðskrá að óska eftir því að þeir sem í hlut eigi gangist undir rannsókn á erfðæfni og töku lífsýnis til rannsóknar til að staðfesta að skilyrði 1. gr. laganna séu uppfyllt. Verði ákvæðið að lögum mun Þjóðskrá einnig heimilt að innheimta áfallinn kostnað við rannsókn á lífsýni sem tekið hefur verið og erfðæfni.

MRSÍ vísar til sjónarmiða um friðhelgi einkalífs, auk þess sem líklegt má telja að einhver hluti umsækjenda hætti við umsókn af fjárhagsástæðum, hafi ekki fjárráð til að standa straum af rannsóknum á erfðæfni og lífsýnum. Að auki vantar allar upplýsingar um hvernig farið skuli með erfðæfnið eftir rannsókn, hvort því verði eytt og ef ekki, hvernig það skuli varðveitt, hverjir hafi aðgang að því, hvort það verði hugsanlega notað í öðrum tilgangi o.s.frv. Þá telur MRSÍ að hið minnsta ætti að tilgreina í ákvæðinu að heimild þessari skuli Þjóðskrá einunigs beita í undantekningartilvikum og þá aðeins ef rökstuddur grunur er um að foreldrar eigi ekki barn það er þeir sækja um ríkisfang fyrir.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri